

## 41. fundur

Fræðslunefnd hélt fund miðvikudaginn 2. október 2002 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Skýrslur skólastjóra.

- a) Gunnar flutti skýrslu um starfið í skólanum.  
Fór hann yfir skiplag skólaársins og kynnti nýjungar og breytingar. Árgangastjórar eru yfir 1.-4. bekk Sigurborg Sturludóttir, 5.-7. bekk Helga Sveinsdóttir, 8.-10. bekk Guðrún Erna Magnúsdóttir og Eyþór Benediktsson yfir framhaldsdeild.  
Elín B. Kristinsdóttir fer með sérkennslustjórn frá og með þessu skólaári. Sara Jóhannsdóttir hefur verið ráðin í afleysingar f. Þorbjörgu L. Jóhannsdóttur í 8 vikur á meðan hún er í veikindaleyfi.  
Í morgun komu elstu börnin á leikskólanum í heimsókn í grunnskólann. Norræna skólalaupið var í morgun í skólanum kl. 10:00, endurvakið eftir 3 ára hlé og var endað í grilli í hádeginu.  
Samræmd próf verða hjá 4. og 7. bekk 10. og 11. október í stærðfræði og íslensku.  
Íþróttadagur verður hjá 5.-7. bekkjum skólanna á Nesinu verður hér 15. október nk.  
Þá hefst danskennsla 17. október í samvinnu við Dansskóla Jóns Péturs og Köru.  
Samstarfsdagur skólanna á Nesinu verður 25. október nk.  
Guðni Frantsson kom í heimsókn 25.-26. september á vegum Tónlistar fyrir alla.  
Dagur stærðfræðinnar var haldinn í síðustu viku.  
Tölvuvæðing er í fullum gangi í skólanum og fer að sjá fyrir endann á henni.  
Brunaæfing verður 23. október í báðum skólunum í samvinnu við Brunavarnir Sth. og nágr.
- b) Sigrún fór yfir starfið í leikskólanum.  
70 börn eru í leikskólanum en nýjar umsóknir eru að berast.  
Greindi hún frá breytingum á innheimtu leikskólagjalda sem tóku gildi 1. október.  
Leikskólinn er orðinn nettengdur og fagnar starfsfólkið því, netfangið er [leikskoli@stykkiholmur.is](mailto:leikskoli@stykkiholmur.is)  
Danskennsla hefst 17. október og verður hún með sama sniði og áður í leikskólanum.  
Starfsdagur verður 25. október og er stefnt að vettvangsferð starfsfólks í Borgarnes og Akranes þann dag.

Að loknum skýrslum svöruðu skólastjórar framkomnum fyrirspurnum.

2. Önnur mál.

- a) Björn greindi frá ábendingu frá foreldri varðandi fjölda starfsfólks á barngildi á meðan starfsfólk bregður sér t.d. í kaffi eða á snyrtingu. Sigrún greindi frá því að skv. upplýsingum frá Menntamálaráðuneyti er þetta ekki brot á reglugerð nr. 225/1995 um leikskóla. Umræður spunnust um málið og verður það skoðað.
- b) Lýst var yfir ánægju með erindisbréf nefndarinnar og hafa engar athugasemdir borist.
- c) Gunnar greindi frá ánægju með störf 10. bekkjar sem eru nú staðsett í Fjölbrautinni og eru þau ánægð þar. Sagði hann einnig frá kosningu “umbótaráðs” sem kosið var í skólanum í gær og skipa það 3 starfsmenn skólans.
- d) Næsti fundur ákveðinn 6. nóvember nk.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:10.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).

Björn Sverrisson (sign.),  
Egill V. Benediktsson (sign.),  
Gunnar Svanlaugsson (sign.),  
Margrét Thorlacius (sign.),  
Sigurborg Sturludóttir (sign.),  
Katrín Pálsdóttir (sign.),  
Ingveldur Eyþórsdóttir (sign.),  
Ásta Valdís Guðmundsdóttir (sign.),  
Steinunn I. Magnúsdóttir (sign.),  
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.).

Íhs.